

# D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 18. október 2016 í máli nr. S-544/2016:

**Ákærvaldið**

*(Dagmar Ösp Vésteinsdóttir aðstoðarsaksóknari)*

**gegn**

**Róberti Aroni Diego Elmarssyni**

*(Ómar Örn Bjarnþórsson hdl.)*

Mál þetta, sem dómtekið var 5. október sl., er höfðað með ákæru útgefinni af lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu 16. ágúst 2016 á hendur Róberti Aroni Diego Elmarssyni, [...], fyrir líkamsárás með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins 20. desember 2015, framan við skemmtistaðinn Glaumbar við Tryggvagötu 20 í Reykjavík, skallað A í andlitið með þeim afleiðingum að hann hlaut nefbeinabrot.

Er þetta brot talið varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Er þess krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Brotapoli gerir kröfu um að ákærði verði dæmdur til að greiða brotþola miska- og skaðabætur að fjárhæð 505.741 krónur með vöxtum, skv. 8. gr. vaxtalaga nr. 38/2001, frá 20. desember 2015, en síðan með dráttarvöxtum, frá þeim tíma er mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar.

Verjandi ákærða krefst aðallega sýknu, en til vara vægustu refsingar er lög leyfa. Þá krefst hann frávísunar á skaðabótakröfu en til vara sýknu af henni og málsvarnarlauna sér til handa, sem greiðist úr ríkissjóði.

Samkvæmt skýrslu lögreglu frá sunnudeginum 20. desember 2015 var lögregla þá nótt, kl. 02.50, fyrir utan skemmtistaðinn Glaumbar við Tryggvagötu 20 í Reykjavík. Lögregla var þar stödd að ósk dyravarða vegna óláta ungs manns, brotþola í máli þessu, en fram kemur að óskað hafi verið eftir að brotþoli yrði fjarlægður af staðnum. Í frumskýrslu kemur fram að dyraverðir hafi tjáð lögreglu að brotþoli hafi verið með ólæti inni á staðnum. Hann hafi ekki hlustað á tiltal dyravarða og því verið færður út. Fram kemur að lögreglumenn hafi rætt við brotþola inni í lögreglubifreið og hafi brotþoli í framhaldinu ætlað að rölja í burtu ásamt vinum sínum sem væru nærri. Brotþoli hafi farið út úr bifreiðinni og lögreglumenn fylgst með honum til að tryggja að hann myndi ganga í burtu. Þeir hafi veitt því athygli að brotþoli hafi átt í orðaskiptum við ungan ljóshærðan

mann. Eftir örstuttar samræður hafi lögreglumennirnir séð ljóshærða manninn skalla brotþola fyrirvaralaust í andlitið. Lögreglumennirnir hafi strax farið út úr lögreglubifreiðinni og annar þeirra tekið árásarmanninn, ákærða í máli þessu, og fært inn í lögreglubifreiðina. Hinn lögreglumaðurinn hafi rætt við brotþola. Í skýrslunni kemur fram að ákærði hafi strax sagt að hann sæi eftir þessu og að hann gerði sér grein fyrir að þetta hafi ekki verið í lagi. Brotþoli hafi verið að rífa kjaft við dyraverði og ákærði blandað sér í það þar sem brotþoli hafi verið dónalegur. Ákærði og brotþoli hefðu farið að rífast aðeins og hafi ákærði í kjölfarið skallað brotþola í andlitið. Í skýrslunni kemur fram að ákærði hafi verið rólegur og ekki virst mikið ölvaður. Rætt hafi verið við brotþola, en hann hafi lítið viljað ræða við lögreglu. Töluverð blæðing hafi verið úr nefi hans og hafi lögregla reynt að fá hann til að fara með sér á slysadeild. Brotþoli hafi ekki viljað það.

Brotþoli mætti á lögreglustöð 11. janúar 2016 og lagði fram kæru á hendur ákærða fyrir líkamsárás. Á meðal gagna málsins eru læknisvottorð og upplýsingar úr sögukerfi Læknastöðvarinnar í Álíheimum í Reykjavík. Samkvæmt upplýsingum úr kerfi læknastöðvarinnar mætti brotþoli í viðtal og skoðun hjá lækni 23. janúar 2015. Þar kemur fram að hann hafi orðið fyrir líkamsárás í maí 2014. Hann hafi meðal annars fengið högg á nefið og leitað á slysadeild. Eftir það hafi hann verið stíflaður í nefinu, mest vinstra megin en gæti einnig verið stíflaður hægra megin, og ytra nef væri með mjög væga „dev“ til hægri. Sæist þó varla. „Septum dev“ væri til vinstri og stór brjóskefli stæði út og þrengdi vinstri nös. Slímhúðir væru aðeins þrútnar. Möguleiki væri á aðgerð eftir 18 ára aldur. Þá kemur fram að brotþoli hafi 8. janúar 2016 mætt á ný í viðtal og skoðun hjá sama lækni á læknastöðinni í Álíheimum. Hafi brotþoli komið og viljað athuga með aðgerð á nefi til að bæta öndun. Hann hafi orðið fyrir líkamsárás í maí 2014 og líklega nefbrotnað þá. „Septum“ skekkja hafi verið til vinstri og brotþoli mjög stíflaður í nefi. Hafi hann verið skallaður fyrir jóla og þá blætt úr nefi. Hafi honum fundist hann verri varðandi nefstíflu eftir það og alltaf verri vinstra megin. Við skoðun hafi ytra nef „dev“ verið vægt til vinstri og brjóskefli skagað út úr nefinu þeim megin. Fram kemur að Sigurður Júlíusson læknir yrði fenginn til að meta brotþola með tilliti til aðgerðar og hafi hann framkvæmt aðgerð á brotþola þann 10. febrúar 2016. Tekið hafi verið neðan af brjóski sem hafi verið brotið og bogið og J-laga. Endinn hafi gengið lengst inn og upp í vinstra nefholi. Brjóskefli hafi verið miðjusetur og neðstu nefskeljar verið „hliðraðar“.

Ákærði hefur greint svo frá að umrætt sinn hafi hann verið að skemmta sér á skemmtistaðnum Glaumbar ásamt vinum sínum. Er þeir hafi verið á leið út af staðnum hafi þeir veitt athygli dreng, sem dyraverðir hafi verið með í tökum. Hafi

ákærði og félagi hans þurft að stíga yfir drenginn til að komast út, en drengurinn hafi legið á maganum í tökum dyravörða. Drengurinn hafi verið að hóta dyravörðunum. Í framhaldi þessa hafi lögregla komið að og tekið drenginn. Ákærði kvaðst eitthvað hafa „flissað“ að drengnum. Eftir að drengurinn hafi losnað úr haldi lögreglu hafi hann komið til ákærða og sett andlit sitt alveg upp að andliti ákærða. Hafi hann sagt að þeir skyldu slást. Um leið hafi hann hótað ákærða öllu illu. Ákærði kvaðst hafa verið orðinn hræddur og með höfði sínu ýtt við höfði drengsins en ekki beitt miklu afli. Drengurinn hafi gripið um nef sitt og spurt ákærða af hverju hann hafi gert þetta. Í beinu framhaldi þessa hafi lögreglumenn komið að. Ákærði kvaðst hafa farið til drengsins og beðið hann afsökunar á hegðun sinni. Eftir að ákærði hafi losnað út úr lögreglubifreiðinni hafi hann aftur beðið drenginn afsökunar. Hafi hann þá séð að blóð hafi lekið úr nefi drengsins. Ákærði kvaðst hafa verið lítið ölvaður þessa nótt og verið rólegur. Kvaðst hann ekki telja að áverkar þeir er drengurinn hafi greinst með hafi getað verið af sínum völdum þar sem hann hafi ekki beitt afli með höfði sínu.

Brotapoli kvaðst hafa verið að skemmta sér á Glaumbar aðfaranótt sunnudagsins 20. desember 2015. Brotapoli hafi verið drukkinn þessa nótt. Inni á skemmtistaðnum hafi hann ætlað að koma bjór í hendur á félagi sínum, sem hafi verið hinu megin við bar á skemmtistaðnum, og í því skyni gengið inn fyrir barinn. Það hafi verið lítið illum augum af starfsmönnum og brotþola verið vísað út. Dyraverðirnir hafi haldið honum á maganum á jörðinni fyrir utan staðinn. Hafi brotþoli í fyrstu reynt að losa sig en fljótlega hætt. Hann hafi ekki hlotið neina áverka í samskiptum sínum við dyraverðina. Er brotþoli hafi verið hjá dyravörðunum hafi ákærði hreytt athugasemd í hann. Eftir samskiptin við dyraverði hafi brotþoli gengið að ákærða og ákærði hafi skallað hann í andlitið. Brotþoli kvaðst hafa snúið sér undan og gripið um nef sitt og fundið að blætt hafi úr því. Síðar um nóttina hafi ákærði komið aftur til hans og beðist fyrirgefningar. Brotþoli hafi m.a. spilað fótbolta en eftir þetta atvik hafi hann átt mjög erfitt með að anda með nefinu og hafi það háð honum í íþróttum. Hann hafi í kjölfarið leitað til læknis, sem framkvæmt hafi aðgerð á nefi hans. Brotþoli kvaðst ekki hafa leitað á slysideild þessa nótt og gæti ekki svarað því hvers vegna hann hefði ekki gert það. Brotþoli kvaðst hafa brotnað á nefi á árinu 2014. Eftir árásina í desember 2015 hafi hann átt mun erfiðara með að anda með nefinu.

B kvaðst hafa verið á Glaumbar þessa nótt, en hann hafi verið að skemmta sér með ákærða. Þeir tveir hafi farið út að reykja um nóttina. Þá hafi dyraverðir verið með dreng í tökum fyrir utan staðinn. B kvaðst hafa staðið við hlið ákærða fyrir utan staðinn. Brotþoli hafi komið upp að ákærða og sett andlit sitt upp að andliti ákærða. Hafi brotþoli beðið ákærða um að koma yfir götuna til að þeir

gætu „klárað málið“. Að endingu hafi ákærði ýtt við höfði brotþola með eigin höfði. Það hafi ekki getað verið fast þar sem brotþoli og ákærði hafi verið það nærri hvor öðrum. Í beinu framhaldi hafi lögregla komið að. Þá hafi B séð að blóð hafi lekið úr nefi brotþola.

C kvaðst hafa verið í anddyri Glaumbars er hún hafi séð brotþola vera með andlit sitt upp að andliti ákærða. Hafi henni virst sem brotþoli ýtti við ákærða. Hafi hún fært sig nær þeim og heyrt ákærða segja að hann vildi ekki slást. Hafi C þá áttað sig á því að um væri að ræða sama dreng og hún hafi áður séð í tökum dyravarða staðarins. Hafi C þá farið til að ná í vin sinn. Er hún hafi komið aftur hafi hún séð ákærða ýta við höfði brotþola með höfðinu. Það hafi ekki verið fast. Brotþoli hafi tekið um andlit sitt í kjölfarið.

D kvaðst hafa séð brotþola með andlit sitt upp við andlit ákærða við Glaumbar þessa nótt. Hafi brotþoli ögrað ákærða og öskrað á hann. Hún hafi hins vegar ekki séð ákærða ýta við höfði brotþola.

E kvaðst hafa verið á Glaumbar. Er hann hafi farið út hafi hann séð brotþola í tökum dyravarða, sem haldið hafi honum í jörðinni. Lögregla hafi komið að og tekið brotþola. Er brotþoli hafi losnað úr lögreglubifreiðinni hafi brotþoli gengið ógnandi til ákærða. Hafi hann beðið ákærða um að slást við sig. Það hafi ákærði ekki viljað. E hafi ekki séð ákærða ýta við höfði brotþola, en hann hafi séð brotþola halda um andlit sitt.

Lögreglumenn er rituðu skýrslur vegna málsins komu fyrir dóminn og staðfestu þátt sinn í rannsókn málsins. Fram kom að tölurverður fjöldi fólks hafi verið saman kominn fyrir framan Glaumbar þessa nótt og einungis tveir lögreglumenn verið á vettvangi. Hafi lögreglumenn rætt við brotþola inni í lögreglubifreið. Er hann hafi farið út hafi verið fylgst með honum. Annar lögreglumannanna kvaðst muna eftir því að hafa séð ákærða skalla brotþola fyrir utan skemmtistaðinn. Hafi verið um talsvert högg að ræða og brotþoli fallið aðeins við. Hafi lögreglumaðurinn rætt við ákærða í framhaldinu, sem hafi viðurkennt að hann hafi ekki átt að gera þetta. Hinn lögreglumaðurinn kvaðst ekki vera viss um hvort ákærði hafi slegið eða skallað brotþola. Brotþoli hafi í það minnsta sveigst aftur á bak við höggið.

Læknir er skoðaði brotþola 23. janúar 2015 og 8. janúar 2016 kom fyrir dóminn og staðfesti skoðun sína á brotþola. Fram kom að brotþoli hafi brotnað á nefi í átökum á árinu 2014. Hann hafi síðan lýst því að hann hafi fengið áverka í desember 2015 einnig í slagsmálum. Læknirinn kvaðst ekki treysta sér til að meta hvort brotþoli hafi einnig brotnað í síðari árásinni.

F læknir, sem framkvæmdi aðgerð á nefi brotþola 10. febrúar 2016, kvaðst þeirrar skoðunar að brotþoli hafi brotnað á nefi bæði við árásina í maí 2014 sem

og í desember 2015. Brotapoli lýsti hlutum þannig að það benti til brots í bæði skiptin, auk þess sem lesa mætti út úr vottorðum vegna brotþola að nefið hafi einnig brotnað í síðara skiptið. Vegna árásarinnar í maí 2014 væri þannig lýst lítilli sveigju á nefi til hægri. Eftir árásina í desember 2015 væri hins vegar lýst meiri sveigju og þá til vinstri. Kæmi það heim og saman við að nefið hafi einnig brotnað í síðari árásinni.

*Niðurstaða:*

Ákærða er gefin að sök líkamsárás með því að hafa skallað brotþola í andlitið framan við skemmtistaðinn Glaumbar aðfaranótt sunnudagsins 20. desember 2015 með þeim afleiðingum að brotþoli hlaut nefbrot. Er háttsemi ákærða talin varða við 1. mgr. 218. gr. laga nr. 19/1940.

Ákærði neitar sök. Hefur hann viðurkennt að hafa ýtt við höfði brotþola með höfði sínu. Það hafi ekki verið fast og nef brotþola ekki getað brotnað við það. Brotapoli hafi þó gripið um nef sitt eftir að ákærði ýtti við honum. Þá hafi ákærði síðar um nóttina séð blóð koma úr nefi brotþola.

Brotapoli hefur lýst því að ákærði hafi skallað sig í andlitið umrædda nótt. Hafi blætt úr nefi brotþola í kjölfarið. Brotapoli hafi farið í aðgerð í janúar 2016 til að laga nefið eftir árásina.

Fyrir dóminn komu nokkur vitni er ýmist voru samferða ákærða þessa nótt eða voru á svæðinu. Bera þau öll að ákærði hafi ýtt við höfði brotþola með höfði sínu en það hafi ekki verið fast. Lögreglumenn er afskipti höfðu af ákærða hafa borið um árásina. Bæði hér fyrir dómi og í frumskýrslu lögreglu kemur fram að ákærði hafi skallað brotþola í andlitið og höggið verið töluvert. Í frumskýrslu kemur fram að töluverð blæðing hafi verið úr nefi brotþola. Þá kom fyrir dóminn læknir er framkvæmdi aðgerð á nefi brotþola. Kvaðst hann þeirrar skoðunar að brotþoli hafi brotnað á nefi í árásinni í desember 2015 en það mæti hann út frá lýsingu í vottorðum er til væru um brotþola, auk þess sem framburður brotþola benti til þess.

Þegar virtur er framburður læknis, er framkvæmdi aðgerð á brotþola, og lítið til framburðar lögreglumanna á vettvangi, sem og framburðar brotþola, telur dómurinn hafið yfir allan vafa að ákærði hafi skallað brotþola, svo sem honum er gefið að sök í ákæru, og að brotþoli hafi hlotið nefbrot af. Háttsemi ákærða verður ekki réttlætt á grundvelli sjónarmiða um neyðarvörn, þó svo brotþoli kunni að hafa sýnt af sér ógnandi hegðun. Með hliðsjón af því verður ákærði sakfelldur samkvæmt ákæru og er háttsemi hans þar rétt heimfærð til refsíákvæða, en brot á nefbeini varðar við 1. mgr. 218. gr. laga nr. 19/1940.

Ákærði er fæddur í nóvember 1996. Sakaferill hans hefur ekki áhrif á ákvörðun refsingar. Ákærði er ungur að árum. Þá er við ákvörðun refsingar til þess að líta að ákærði sá eftir gjörðum sínum og bað brotaþola afsökunar á framferði sínu á vettvangi. Einnig er fram komið að brotaþoli átti nokkurn hlut að máli, en hann kom upp að ákærða með ógnandi hegðun. Með hliðsjón af þessu er refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 60 daga, sem bundið verður skilorði með þeim hætti er í dómsorði greinir.

Brotaþoli krefst skaðabóta að fjárhæð 479.886 krónur, auk vaxta og málskostnaðar. Krefst brotaþoli 450.000 króna í miskabætur og 29.886 króna í sjúkrakostnað. Ákærði hefur með broti sínu valdið brotaþola miska. Verða bætur ákveðnar að álitum. Sem fyrr greinir átti brotaþoli nokkra sök á því að til átaka kom við ákærða. Þá er einnig til þess að líta að brotaþoli hafði áður brotnað á nefi í átökum með þeim afleiðingum að nefið var skakkt fyrir og öndun verri en áður. Með hliðsjón af þessu þykja miskabætur hæfilega ákveðnar 150.000 krónur. Gögn liggja fyrir varðandi sjúkrakostnað og verður sá kröfuliður tekinn til greina. Um vexti fer sem í dómsorði greinir. Loks greiði ákærði brotaþola málskostnað, svo sem í dómsorði er mælt fyrir um.

Ákærði greiði sakarkostnað og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, sem nánar greinir í dómsorði.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Dagmar Ösp Vésteinsdóttir aðstoðarsaksóknari.

Símon Sigvaldason héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

### **D ó m s o r ð :**

Ákærði, Róbert Aron Diego Elmarsson, sæti fangelsi í 60 daga, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði B skaðabætur að fjárhæð 179.886 krónur, ásamt vöxtum skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 20. desember 2015 til 12. október 2016, en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Þá greiði ákærði brotaþola 120.000 krónur í málskostnað.

Ákærði greiði 585.180 krónur í sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ómars Arnar Bjarnþórssonar héraðsdómslögmanns, 572.880 krónur.

Símon Sigvaldason.

-----

Rétt endurrit staðfestir

Héraðsdómur Reykjavíkur, 18. október 2016.